

Nd.

669. Frumvarp

til laga um dýrtíðarskatt af tekjum.

Flutningsmaður: Bjarni Jónsson frá Vogu.

1. gr.

Hver sá maður, sem hefir meiri hreinar tekjur, en 3000 kr., skal gjalda dýrtíðarskatt af þeim tekjum, sem hann hefur fram yfir þá upphæð.

2. gr.

Af fyrstu hálfri þúsund króna fram yfir þrjár skal gjalda 10%.

Af fyrstu heilli þúsund fram yfir þrjár 15%.

Af annari heilli þúsund fram yfir þrjár 20%.

Af þriðju heilli þúsund fram yfir þrjár 25%.

Af fjórðu heilli þúsund fram yfir þrjár 35%.

Af hverri heilli þúsund þar yfir 45%.

3. gr.

Hreinar tekjur teljast laun starfsmanna og tekjur af fyrirtækjum að frá-dregnum kostnaði. Framfærslukostnaður heimilisins verður ekki dreginn frá.

4. gr.

Lög þessi ganga þegar í gildi og standa til næsta þings.